

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 152/2004

frá 29. október 2004

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2004 frá 24. september 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 724/2004 frá 31. mars 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1406/2002 um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 560 (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1406/2002) í XIII. viðauka við samninginn:

„- **32004 R 0724**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 724/2004 frá 31. mars 2004 (Stjtíð. ESB L 129, 29.4.2004, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 724/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 30. október 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. október 2004.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 55 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 12, 10.3.2005, bls. 41.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 129, 29.4.2004, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Kjartan Jóhannsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann